

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Áslands 2. áfanga, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 21. nóvember 2000 breytingu á deiliskipulagi Áslands 2. áfanga, vegna Svöluáss og Erluáss.

Breytingin felst í því að breytt er fjöldi og gerð einbýlishúsalóða, raðhúsalóð nr. 3 - 9 við Erluás breytist í 2 parhúsalóðir og aðkomum og fyrirkomulagi við bogafjölbýlishúsin við Svölu- og Erluás er breytt.

Breytingin var í auglýsingu 29. nóvember 2000 - 29. desember 2000, og athugasemdafrestur til 12. janúar 2001, samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 19. febrúar 2001.

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.